

6. gr.

Verðmerking á þjónustu.

Skýr verðskrá eða skilti með verði á allri þjónustu sem þjónustufyrirtæki veitir skal vera hjá afgreiðslukassa eða á áberandi stað þar sem þjónustan er veitt.

Einnig skal þjónustufyrirtæki, eftir því sem við verður komið, hafa verðskrá við inngöngudyr. Þar skal gefa upp verð á algengustu þjónustu sem er á boðstólum.

7. gr.

Undanþága.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Viðurlög.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna nr. 576/1994 sem falla jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun, 25. september 1998.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 22. maí 1998 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi við Auðbrekku 13-15. Í tillögunni felst að ofangreindar lóðir eru sameinaðar í eina lóð og á henni byggð ein bygging í stað tveggja eins og mæliblað, sem unnið var á grundvelli skipulagsuppráttar sem ekki hlaut formlega afgreiðslu sem deiliskipulag, gerir ráð fyrir. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að byggingarreitir verði færður 13 metrum norðar miðað við framangreint mæliblað og að hin fyrir hugaða bygging verði tvær hæðir auk kjallara um 500 fermetrar að grunnfleti. Gert er ráð fyrir gönguleiðum milli Auðbrekku og Dalbrekku bæði austan og vestan fyrirhugaðrar byggingar.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 18. mars til 22. apríl 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Kópavogi, 29. september 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.